



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa Alþingis-nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2023.

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á skipulagslögum, mál 628.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 1. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um tillögur að breytingum á ofangreindu frumvarpi.

Þær tillögur sem lagðar eru til með frumvarpinu eru mjög jákvæð skef í átt að því að hafa hvetjandi áhrif á uppbyggingaraðila til að hefja framkvæmdir innan tiltekins tímafrests og er það von Reykjavíkurborgar að þetta muni leiða til þess að uppbygging íbúðarhúsnæðis gangi hraðar fyrir sig en ella, auk þess sem spornað verður við því að lóðir gangi kaupum og sölum árum saman án þess að á þeim sé byggt.

Reykjavíkurborg tekur að öðru leyti heilshugar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna málsins og styður eindregið lögfestingu frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Harri Ormarsson